

Íþróttafélagið Völsungur

Stofnað 1927



Ársskýrsla 2019

Aðalstjórn Völsungs 2019

Formaður: Bergþóra Höskuldsdóttir

Gjaldkeri: Hallgrímur Jónsson

Meðstjórnendur: Jóna Björk Gunnarsdóttir

Lilja Friðriksdóttir

Heiða Elín Aðalsteinsdóttir

Varamaður: Björgvin Sigurðsson

Davíð Þórólfsson

Frankvæmdastjórnar: Jónas Halldór Friðriksson

Virkar deildir innan Völsungs



1. Blak
2. Boccia
3. Fimleikar
4. Handbolti
5. Bardagaíþróttadeild
6. Knattspyrnudeild
7. Skíðagöngudeild
8. Sund
9. Almenningsíþróttadeild
 - a. Íþróttaskólinn
 - b. Lyftingahópur
 - c. Hlaupahópurinn Skokki
 - d. Hljólahópur
 - e. Bandý


Dagskrá aðalfundar

1. Formaður setur fundinn
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
 - umræður
4. Ársreikningar lagðir fram
 - umræður + samþykktir
5. Lagabreytingar
6. Árgjöld
7. Kosið í stjórn + endurskoðendur reikninga
8. Starfsnefndir
9. Önnur mál


Iðkendafjöldi

Árið 2019 tóku samtals 612 þátt í skipulögðum æfingum/hreyfingu á vegum íþróttafélagsins Völsungs. All voru 10 deildir sem héldu úti skipulögðum æfingum á árinu. Skiptingu iðkenda má sjá hér að neðan:





Að neðan má sjá kynjaskiptingu milli deilda. Bláu súlurnar eru KK og appelsínugulu KVK.



SKÝRSLA VÖLSUNGS FYRIR ÁRIÐ 2019

AÐALSTJÓRN VÖLSUNGS:



Aðalfundur Völsungs var haldinn 11. júlí. Á fundinum var Bergþóra Höskuldsdóttir kosin formaður aðalstjórnar og Björgvin Sigurðsson kom nýr maður inn í stjórn. Stjórnin var því skipuð á eftirfarandi hátt eftir fundinn: Bergþóra Höskuldsdóttir formaður, Hallgrímur Jónsson gjaldkeri, Jóna Björk Gunnarsdóttir ritari, Lilja Friðriksdóttir meðstjórnandi, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir meðstjórnandi, Davíð Þórólfsson varamaður og Björgvin Sigurðsson varamaður.

Á starfsárinu 2019 voru verkefni aðalstjórnar með hefðbundnum hætti.

Aðalstjórn fundar með reglulegum hætti og voru fundirnir samtals 17 á árinu. Starf félagsins verður sífellt umfangsmeira og kröfur til félagsins verða meiri. Skipulagt íþróttastarf er mikilvægur þáttur í forvörnum og því er Völsungur í lykilhlutverki í sveitarfélaginu. Starf Völsungs er öflugt og miklar kröfur gerðar til félagsins. Þá er mikilvægt að rekstur félagsins sé góður svo hann standi undir starfsemi félagsins.

Völsungur er samnefni Húsvíkinga og er mikilvægt að hlúð sé vel að starfsemi félagsins. Það er gott og gefandi að vinna með öðrum við sameiginlegt áhugamál. Íþróttafélagið Völsungur er góður vettvangur fyrir fólk á öllum aldri til að sinna félagsstörfum og rækta um leið bæði lýð og land. Gildir þá einu hvort menn hafi brennandi áhuga á íþróttum eða ekki. Starfið í félaginu er gríðarlega fjölbreytt.



Aðalstjórn verðlaunaði íþróttafólk sitt við hátíðlega athöfn 29. desember. Veitt voru hvatningarverðlaun, viðurkenningar fyrir þátttöku í landsliðsverkefnum, viðurkenningar fyrir leikja áfanga ásamt því sem kjör á íþróttafólki Völsungs fór fram. Arna Védís Bjarnadóttir var kjörin íþróttakona Völsungs og Heiðar Halldórsson var kjörinn íþróttamaður Völsungs.

Starf Völsungs eykst með hverju ári. Um leið og starfið verður öflugra eru gerðar meiri kröfur til félagsins. Sem fyrr er boðið upp á skipulagt starf fyrir iðkendur frá 2-3 ára aldri og upp í eldri borgara. Allt frá íþróttum fyrir börn og unglínga yfir í öflugt afreksstarf. Tekið er eftir starfinu út fyrir hérað og það megum við vera stolt af. Ekki má svo gleyma að nefna göngugarpana okkar sem mæta alla fimmtudaga til að ganga á upphitun gervigrasinu og kíkja í kaffi í vallahúsið á eftir.

Það er gríðarlega mikilvægt að vandað sé til verka í starfsemi félagsins. Sjálfboðaliðar vinna óeigingjarnt starf í þágu félagsins og sjá til þess að starf félagsins haldist gangandi. Öflugir og metnaðarfullir þjálfarar starfa hjá félaginu og getum við verið stolt og þakklát fyrir það. Það er svo hlutverk skrifstofunnar að halda utan um starfið og sjá til þess að þjónustan sé eins góð og kostur er á. Á haustdögum var ráðinn inn yfirmaður knattspyrnumála á skrifstofu félagsins. Knattspyrnudeildin er stærsta deild félagsins og hefur starfið nú þegar sannað gildi sitt.

Starfið er fjölbreytt og því ættu allir að geta fundið sér hreyfingu við hæfi innan félagsins. Þar að auki ættu allir að geta fundið sér verkefni innan félagsins.

ALMENNINGSÍPRÓTTAÐEILD:

Undir almenningsíþróttadeildinni er íþróttaskóli, sumarskóli, hlaupahópurinn Skokki og bandýhópur. Á aðalfundi í júlí bættust svo við hjólahópur og lyftingahópur.

Íþróttaskólinn er starfræktur innan félagsins með tvo hópa yngri og eldri barna. Skólinn er fyrir börn á aldrinum eins og hálfis árs fram á fimmta aldursár. Íþróttaskólanum er skipt í tvo hópa eftir aldri og hefur hvor hópur um sig 50 mínútur. Skólinn er á laugardögum og eru rétt um 35 krakkar sem stunda hann með reglubundnum hætti. Umsjónarmenn skólans eru Ísak Már Aðalsteinsson og Selmdís Þráinsdóttir. Við hvetjum foreldra til þátttöku enda er um að ræða ánægjulega stund barns og foreldris.

Bandýdeildin er undir almenningsíþróttadeild Völsungs. Bandýdeildin hætti æfingum fljótlega eftir áramót 2019 og hafa engar æfingar verið síðan þá. Stefnt er á að hefja æfingar að nýju næsta haust ef þátttaka næst.



Hlaupahópurinn Skokki var öflugur eins og venjulega. Nokkur fjölgun hefur orðið á iðkendum á árinu sem verður að teljast mjög ánægjulegt. Fastar æfingar voru að vanda tvisvar í viku. Nokkrar æfingar voru eftirminnilegri en aðrar og má þar nefna þegar hópurinn hljóp með Guðna forseta Íslands umhverfis Mývatn. Hópurinn stóð að tveimur keppnishlaupum, Gamlárshlaupinu og Botvantshlaupinu sem heppnuðust bæði mjög vel.

FIMLEIKAR:



Krakkar á aldrinum 5-16 ára æfa fimleika í þremur hópum. Starfið hefur verið með hefðbundnu sniði og voru iðkendur rétt um 40 á árinu 2019.

Árið var viðburðaríkt hjá deildinni og í júlí fóru fjórir iðkendur ásamt þjálfara á Álaborgarleikana í Danmörku.

HANDKNATTLEIKUR:



Handboltinn hefur verið á undanhaldi undanfarin ár. Um þessar mundir eru tveir flokkar virkir, 7. og 8. flokkur þar sem bæði kynin æfa saman. Deildin hélt hér Sölkumót á vordögum sem heppnaðist vel en um 100 iðkendur frá Akureyri komu á mótið.

BLAK:



Árið 2019 tók meistaraflokkur kvenna þátt í 1. deild Íslandsmótsins. Mikið uppbyggingarstarf síðustu ára er að skila ungum og kraftmiklum blökurum upp í meistaraflokk og í haust réð blakdeildin nýjan þjálfara, Guðberg Egil Eyjólfsson til að leiða starfið. Stelpurnar hafa staðið sig með mikilli þryði og mátti sjá miklar framfarir milli leikja í deildinni.

Krakkablak starfið hefur farið mikið vaxandi síðustu ár. Um 40 iðkenndur voru í 3. - 6.flokki. Yngstu iðkenndurnir eru í 6. flokki, eða þriðja bekk. Keppt var á Íslandsmóti (sem spilast í nokkrum turneringum) og bikarmóti.

Blakdeild völsungs áttu svo einnig nokkra glæsilega fulltrúa í landsliðsúrtaki. Fyrir U16 Heiðís Edda Lúðvíksdóttir, Kristey Marín Hallsdóttir, Sigrún Marta Jónsdóttir og Elín Pálsdóttir. Fyrir U17 Agnes Björk Ágústsdóttir og Heiðís Edda Lúðvíksdóttir. Fyrir U18 Arney Kjartansdóttir og U19 Arna Védís Bjarnadóttir.

Öldungarnir í blakinu eru eins og mörg undanfarin ár öflugur hópur og æfðu um 40 manns tvisvar sinnum í viku. Starfsemin er hefðbundin frá ári til árs, farið var á þau hraðmót sem haldin eru á Norðurlandi. Einnig kepptu kvenna- og karlalið á Íslandsmóti. Kvinnaliðið í 3. deild skipað „reyndum“ konum og karlaliðið í 3. deild þar sem að aldurinn er mun lægri þar sem ungir og efnilegir strákar eru komnir með þeim eldri. Starfið endaði svo á öldungamótinu í lok apríl.

Blakdeildin hélt sitt árlega nýársmót sem heppnaðist feikilega vel í lok apríl.

Blakdeildin hélt sitt árlega nýársmót sem heppnaðist feikilega vel.

BOCCIA:

Starfsemi bocciadeildarinnar var með hefðbundnu sniði árið 2019. Deildin stóð fyrir árlegu móti á Húsavík sem ber heitið Opna Húsavíkurmótið, var þetta í 30. skipti sem mótið er haldið. Einnig fór deildin á Íslandsmót í liðakeppni og Íslandsmót í einstaklingskeppni. Auk þess var farið á Hængsmótið á Akureyri.

Iðkendum deildarinnar voru um 20 talsins á árinu.

SUND:

Á árinu voru um 23 krakkar sem stunduðu sund reglulega. Iðkendunum var skipt í eldri og yngri hóp.

Á árinu fóru iðkendum frá deildinni á 10 mót ásamt því sem deildin stóð fyrir árlegu 17. júní móti í sundlauginni á Húsavík.

Í ágúst sendi deildin tvo iðkendum á Álaborgarleikana í Danmörku.

SKÍÐAGANGA:



Skíðangönguvertíðin var með nokkuð hefðbundnu sniði. Troðnar voru brautir við aðstöðu deildarinnar við Reyðarárhjúk og var hafist handa við það í októbermánuði 2018 og voru skilyrði góð fram yfir miðjan apríl.

Svæðið hefur verið kynnt vel í gegnum samfélagsmiðla. Á árinu var síðan skíðalyftan úr melnum flutt upp í Reyðarárhjúk.

Orkugangan var haldin 13. apríl og var met þátttaka í göngunni þetta árið.

BARDAGAÍPRÓTTIR



Árið hjá bardagaíþróttadeildinni hefur verið með örlítið breyttu sniði. Trausti Már Valgeirsson sem hefur verið mættarstólpi í deildinni flutti erlendis og við hans starfi tók Marcin Florczyk. Marcin tók við þjálfun í byrjun nóvember og æfa um 19 iðkendur TaeKwonDo á Húsavík í tveimur hópum, eldri og yngri hóp.

KNATTSPYRNA:

MEISTARAFLOKKAR:

Völsungur heldur úti meistaraflokk í karla- og kvennaflokki ásamt 2. flokki. Starfið er öflugt og mikilvægur þáttur í starfi íþróttafélagsins.



Meistaraflokkur karla gekk í gegnum miklar mannabreytingar fyrir keppnistímabilið og héldu í æfingaferð til Spánar til að slípa sig saman. Liðið tók þátt í Kjarnafæðismóttinu í janúar og Lengjubikarnum í framhaldinu. Liðið átti skemmtilega bikarkeppni árið 2019 sem toppaði með frábærum degi og góðri frammistöðu í 16 liða úrslitum á Húsavíkurvelli gegn langbesta liði landsins í ár, KR. Klaufamistök og óheppni undir lok leiksins urðu til þess að Íslandsmeistarar KR komust loks yfir gegn okkar mönnum. Leiknum lyktaði með 2-0 sigri en frammistaða liðsins í leiknum var til fyrirmyndar og erfitt að setja mikið út á hana. Fjöldi fólks í brekkunni og góð stemning. Góður, skemmtilegur og eftirminnilegur dagur. Íslandsmótið fór vel af

stað og var liðið í toppbaráttur fram yfir mitt mót. Því miður fór að halla undan fæti þá og liðið endaði um miðja deild.

2. flokkur karla tók þátt í Íslandsmóti og spilaði heilt yfir vel, hvikaði ekki frá áherslum þjálfaranna um leikstíl og sóknaruppbyggingu. Afar mikilvægt að ungir leikmenn læri strax hvað og hvernig skal spila og efla sína færni og tækni í þeirri aðferð sem notuð er í mfl. Þetta hefur gengið vel enda koma leikmenn 2.fl vel inn í leiki mfl og betur undirbúnir en víða annars staðar. Á þessu græða allir og færni okkar eykst.

Meistaraflokkur kvenna átti mjög gott ár 2019. Liðið tók að venju þátt í Lengjubikarnum, Mjólkurbikarnum og 2. deild. Í byrjun árs fór leikmannahópurinn að taka á sig mynd og eins og áður var hann skipaður mjög reynslumiklum leikmönnum í bland við unga og efnilega leikmenn sem voru að hefja sinn meistaraflokksferil. Liðið fór í æfingaferð til Spánar þar sem liðið slípaði sig saman. Þegar heim var komið bættust síðan þrír erlendir leikmenn við hópinn.



Á vordögum tók liðið þátt í Mjólkurbikarkeppninni þar sem þær komust í 16 liða úrslit en töpuðu þar fyrir Pepsimaxdeildarliðinu Þór/KA.

Liðið hóf síðan leik í 2. deild kvenna og vann liðið hvern leikinn á fætur öðrum. Liðið endaði sem sigurveigari í 2. deild kvenna og fóru taplausar í gegnum tímabilið. Liðið mun því taka þátt í 1. deild kvenna að ári.

YNGRI FLOKKAR KNATTSPYRNU:



Barna- og unglíngaráð heldur utan um rekstur yngri flokka Völsungs í knattspyrnu. Ráðið er í raun eins og hver önnur deild innan Völsungs sem sér m.a. um innheimtu æfingagjalda og ráðningar þjálfara. Ráðið er skipað fimm fulltrúum foreldra eða áhugafólks um knattspyrnu. Núna skipa ráðið Kristinn Jóhann Lund formaður, Ásta Magnúsdóttir ritari, Gunnar Jónsson gjaldkeri, Linda Hrönn Arnþórsdóttir og Kristjana Lilja Einarsdóttir.

Þá situr framkvæmdastjóri Völsungs fundi ráðsins og er tengiliður við aðalstjórn Völsungs.

Vel gekk að ráða þjálfara fyrir veturinn og gaman frá því að segja að allir aðalþjálfarar hafa setið þjálfaranámskeið á vegum KSÍ, en barna og unglíngaráð leggur mikla áherslu á að þjálfarar og aðstoðarþjálfarar sitji þau námskeið. Þess má til gamans geta að Aðalsteinn Jóhann hefur lokið UEFA-A þjálfararéttindum, sem er hæsta þjálfaragráða á Íslandi, svo hafa þeir Jónas Halldór og Guðmundur Óli lokið UEFA-B réttindum.

Iðkendum fjölgaði um 18 frá haustinu 2018 til hausts 2019 og eru nú í heildina um 190 talsins í 3. flokk og niður í 8. flokk. Um er að ræða aldursbilið frá 10. bekk niður í tvo elstu árgangana í leikskóla. Af þessum aldurshóp eru 55% sem stunda knattspyrnu á Húsavík sem er hátt hlutfall í samanburði við önnur félög. Æfingar eru öllum opnar og öllum velkomnið að koma og prófa hvenær sem er.

Curiomótið var haldið í lok ágúst í blíðsskaparverðri og voru iðkendur um 700 talsins. Virkilega vel heppnað mót sem er löngu orðið að föstum lið innan knattspyrnunnar á Húsavík.

3. flokkur karla og kvenna fór í júlí á GothiaCup í Svíþjóð. Mótið er stærsta mót sinnar tegundar í heiminum og mikil upplifun fyrir krakkana. Bæði lið fóru í A-úrslit. Drengirnir komust einum leik lengra og er það besti árangur Völsungs á GothiaCup til þessa.

